

Aðalfundur Félags fornleifafraeðinga 2020

Fundur haldinn í gegnum spjall- og fundaforritið Zoom.

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Árman Dan, varaformaður félagsins, var kosinn fundastjóri og Lilja Laufey Davíðsdóttir, ritari félagsins, var kosin fundaritari.

2. Nýir félagar samþykktir

Nýir félagar eru alls 8 talsins, 6 aðalfélagar og 2 aukafélagar.

Aðild að félaginu:

Arthur Knut Farestveit
Ema Bushnell
Hólmfríður Sveinsdóttir
Rannveig Þórhallsdóttir
Sigrún Hannesdóttir
Magnea Birgisdóttir

Aukaaðild að félaginu:

Birna Magnúsdóttir
Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir

3. Skýrsla liðins árs

Hulda sagði frá viðburðum liðins árs. Það voru ekki margir viðburðir haldnir í ár enda féllu flestir þeirra niður. Fyrirlestraröðin fór þó vel af stað. Flutt voru 5 erindi af 11 í fyrirlestraröðinni en svo kom að því að allir fyrirlestrar féllu niður. Stefnt er að því að bjóða öllum sem ekki gátu haldið sína fyrirlestra til að halda þá á næsta ári. Vegna Covid verður fyrirlestraröðin kannski á netinu en það verður að koma í ljós seinna.

Í vor var sent var bréf á Menntamálaráðuneytið vegna lágs fjármagns í fornminjasjóð og kallað eftir breytingum. Bréfið var sent vegna þeirra fréttu um að það ætti að setja auka pening í menningarmál vegna faraldursins og vildi félagið reyna að benda á það að það þyrfti að styðja betur við fornleifarannsóknir í þessum flokki. Bréfið sem sent var á ráðuneytið verður hægt að nálgast á heimasíðunni á næstu vikum en vegna vírus á heimasíðunni er ný heimasíða í vinnslu. Það er því verið að flytja öll gögn af gömlu heimasíðunni á þá nýju.

Enginn auka-aðalfundur var haldinn og enginn vorfagnaður. Haustfagnaður og kynning nýnema HÍ féllu einnig niður. Félagið var kynnt fyrir nemendum á námskeiðinu Aðferðarfræði 1.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og Ólafíu

Jakob Orri, gjaldkeri félagsins fór yfir reikningar félagsins á árinu. Lítið var að viðburðum á árinu og því ekki mikil eyðsla en þessir peningar koma ekki inn fyrr en á næsta ári þar sem það láðist að senda út félagsgjöld fyrr en 30. Sept, sama dag og uppgjörið var gert. Það mun því vera næg innistæða á reikningnum að ári.

Rekstrargjöld	
Fjármagnstekjuskattur	48
Innheimtu- og þjónustugjöld	17.062
Aðalfundur 2019	128.250
Sendingarkostnaður v/Ólafíu	605
Gjöld vegna skjalavörslu	13.593
Gjöld vegna vefsíðu	5.980
Samtals	165.538

Rekstrartekjur	
Innvextir	219
Innheimt félagsgjöld fyrir 2019 eftir uppgjör	80.000
Innheimt félagsgjöld 2020	34.000
Samtals	114.219
Afkoma ársins	-51.319
Inneign í upphafi tímabils	356.273
Lokastaða	304.954

Einnig voru lagðir fram endurskoðaðir reikningar Ólafíu og þar er lítil velta. Aðeins var selt eitt hefti á árinu og eru þetta tekjur af því.

Rekstrartekjur	
Innvextir	125
Sala Ólafíu	2.105
Samtals	2.230

Rekstrargjöld	
Fjármagnstekjuskattur	28
Samtals	28

Afkoma ársins	2.202
Inneign í upphafi tímabils	87.886
Lokastaða	90.088

5. Kosning í stjórn: formaður, ritari og tveir varamenn

Hulda formaður félagsins, Lilja Laufey ritari félagsins og Hermann varamaður buðu sig ekki fram aftur. Ómar Valur bauð sig hins vegar fram aftur í embætti varamanns. Það komu þrjú framboð í embættin þrjú. Gylfi Björn Helgason bauð sig fram sem formaður, Sigrún Hannesdóttir bauð sig fram sem ritari og Hólmfríður Sveinsdóttir bauð sig fram sem varamaður.

Gylfi Helgason var kjörinn nýr formaður með meirihluta atkvæða.

Sigrún Hannesdóttir var kjörin nýr ritari með meirihluta atkvæða.

Hólmfríður Sveinsdóttir var kjörin nýr varamaður með meirihluta atkvæða.

Ómar Valur var endurkjörinn sem varamaður með meirihluta atkvæða.

6. Ákvörðun félagsgjalda

Félagsgjöld eru 2000 kr fyrir aukafélaga og 4000 kr fyrir aðalfélaga. Ákveðið var að hafa félagsgjöld óbreytt.

7. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar voru lagðar fram að þessu sinni.

8. Kosning nefnda: einn endurskoðanda og einn í siðanefnd

Kjósa þurfti í tvær nefndir, endurskoðanda og einn í siðanefnd. Elín Hreiðarsdóttir bauð sig ekki fram aftur á síðasta aðalfundi árið 2019 en enginn á fundinum vildi taka hlutverkið að sér. Ákveðið var að vísa málinu til auka-aðalfundar sem féll niður á árinu vegna covid. Því þurfti að kjósa um endurskoðanda á aðalfundinum. Eitt framboð kom og var Lilja Laufey Davíðsdóttir kosin endurskoðandi. Albína Pálsdóttur vildi sitja áfram.

Kjósa þurfti einn aðila í siðanefnd en Angelos Parigoris hefur setið í siðanefnd og gefur ekki kost á sér áfram. Hulda Björk Guðmundsdóttir bauð sig fram og var kosin í siðanefnd.

Rætt var að það þyrfti að gera lagabreytingu fyrir næsta aðalfund um að þetta sé skoðunarmaður reikninga en ekki endurskoðandi.

9. Önnur mál

Liðurinn önnur mál var kynntur en í þeim lið voru engin mál á dagskrá. Orðið var því gefið laust.

Ármann Guðmundson bað um orðið. Hann vakti mál á því að það þyrfti að fara að koma út hefti um Ólafíu. Kannski væri betra að vera opnari yfir því hverskonar greinar koma í Ólafíu. Það væri synd að það sé ekki að koma út hefti annaðhvort ár. Fólk var almennt sammála þessu. Ármann var með hugmynd um að útgáfu, að gefa út efni sem er nánast tilbúið, úr stórum uppröftrum eða jafnvel katalóg. Hann hafði spjallað við Sólveigu Beck varðandi þetta og greiningar hennar á kvarnasteinum, þó svo að hann teldi reyndar að katalóginn hennar væri jafnvel of stór fyrir Ólafíu. Fólk tók vel í þessa hugmynd.

Gylfi fékk orðið og sagði frá hugmynd hans, Sigrúnar og Hólmfríðar um Ólafíu. Gæti verið tvískipt, annarsvegar eitthvað þema (fornleifar og tilfinningar?) og hins vegar greinar úr víðum flokki, nánast hvað sem er. Fólk tók einnig vel í þessar hugmyndir.

Minjavörslu heftið er ekki að fara að koma út. Greinarnar í því eru orðnar úreltar. Það þarf að taka ákvörðum um þetta hefti og fara að gera eitthvað annað. Ekki hægt að eitt hefti stoppi alla útgáfu. Hefti Angelos, sem kosið var um fyrir tveimur árum er farið af stað og það þarf að koma öðru af stað. Það þarf samt að skoða að ekki séu of mörg hefti í gangi í einu því að Ólafíusjóðurinn hefur ekki nægan pening til að borga mörgum ritstjórum í einu.

Það var spjallað um hvort að það ætti að hætta að prenta út Ólafíu og nota peninginn í betri uppsetningu og að borga höfundum. Kostir og gallar með því að prenta og að prenta ekki eins og kom fram í fundi. Það eru ekki allir sammála og ljóst að það verður að gera þetta á gamla mótann eitthvað áfram. Því ákveðið var að geyma þetta mál og hafa það forgangsatriði er að gefa út næsta hefti af Ólafíu, þar sem það hefur ekki komið út hefti í 5 ár.

Ákveðið var að halda auka-aðalfund varðandi næstu hefti Ólafíu. Þegar komnar inn þessar tvær hugmyndir frá Ármanni og Gylfa, Hólmsfríði og Sigrúnu og þau munu þá **kynna sínar hugmyndir á næsta fundi**. Fundagestir voru einnig beðnir um að leggja höfuðið í bleyti og koma með hugmyndir ef það vildi ritstýra Ólafíu.

Albína stakk upp á DOI númer á greinarnar í Ólafíu, DOI (Digital Object Identifier) er föst kennitala efnis á vefnum. DOI fylgir oft fræðilegum tímaritsgreinum og þarf því að setja með öðrum upplýsingum um greinar sem hluta af heimildaskráningu. Stjórnin ætlar að kynna sér þetta betur. Það gæti verið sniðugt til þess að auðveldara sé að finna greinarnar í Ólafíu á netinu.

Fundi slitið klukkan 18:57